

**Ed.**

**203. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af sild o. fl.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Af fóðurmjólí og aburðarefni úr fiskúrgangi greiðist ekki gjald samkvæmt þessum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á öllu landinu er að eins ein verksmiðja, sem vinnur fóðurmjól og áburðarefni úr fiskúrgangi, og tók hún til starfa nú í vetur, eftir að hafa orðið að hætta um nokkur ár sökum hins háa kolaverðs. Verksmiðja þessi er í Vestmannaeyjum. Útflutningsgjald það, sem nú á að greiða af vörum þessum, er mjög hátt og ósanngjarnt, þegar lítið er til þess, að hjer er um tilraunir að ræða, sem mikið er komið undir að hepnist; bæði er hjer framleitt verðmæti úr því, sem annars verður lítið úr og óþrifnaður stafar af, og jafnvel fylgir talsverður kostnaður að losna við. Hins vegar hefir forstjóri verksmiðjunnar tjáð sig úsan að hlíta því, að sama gangi yfir afurðir þessar og aðrar afurðir landsins að því er útflutningsgjald snertir.